

1. gr. - Réttur til leigu og úthlutunar

- Orlofshús og íbúðir í eigu **orlofssjóðs Verk Vest** eru eingöngu leigð til:
 - Félagsmanna **Verk Vest**
 - Félagsmanna **Félags Járniðnaðarmanna á Ísafirði**.
- Undantekningar má veita öðrum **aðildarfélögum innan ASÍ**, ef þau bera ábyrgð á leigunni.
- Rétt til úthlutunar hafa:
 - Allir félagsmenn sem greiða í orlofssjóðinn.
 - Þeir sem hafa lokið starfsævi (eru 67 ára eða eldri) og hafa verið félagsmenn í **minnst 5 ár**.
- Verk Vest getur gert samstarfssamninga við önnur félög um útleigu orlofshúsa.
- Félagsmenn þeirra félaga geta þá einnig leigt húsin samkvæmt reglum orlofssjóðsins.
- **Umsóknir** fara fram **rafrænt** á [orlofsvef](#) félagsins á heimasíðu Verk Vest.

2. gr. - Afgreiðsla

- **Afgreiðsla og þjónusta** vegna úthlutunar orlofshúsa og íbúða fer fram á **skrifstofum Verk Vest á Ísafirði og Patreksfirði**.
- **Lykla** fyrir orlofshús á **Hólmavík** má sækja í **Sparisjóðinn á Hólmavík**.
- **Bókanir** fara fram á [orlofsvefnum](#) og miðast við **staðgreiðslu**.
- **Bókunarvélin** er opin **allan sólarhringinn, alla daga vikunnar**.
- Þeir sem **ekki hafa tölvu** geta bókað á **opnunartíma skrifstofanna** og greitt annaðhvort:
 - á skrifstofunni.
 - í gegnum síma.

3. gr. - Sumarúthlutun

- **Tilkynning** um sumarúthlutun er send **með tölvupósti** til félagsmanna.
- Úthlutun fer fram samkvæmt **punktakerfi**:
 - Punktar **tryggja forgang** í úthlutun en **koma ekki í stað greiðslu**.
 - Þeir sem hafa **flesta punkta** ganga fyrir.
- **Ávinnsla punkta** hófst **1. janúar 2013**:
 - **2 punktar á mánuði** ef greitt er **lágmarksfélagsgjald**.
 - **1 punktur á mánuði** ef greitt er **undir lágmarksfélagsgjaldi**.
- Þegar sumarúthlutun er lokið og enn eru laus tímabil:
 - Starfsfólk **auglýsir þau á heimasíðu félagsins**.
 - Þá gildir reglan „**fyrstur kemur, fyrstur fær**.“

4. gr. - Opnun tímabila orlofsíbúða og orlofshúsa

- Orlofsíbúðir eru opnar á tveimur tímabilum:
 1. **15. september** opnar fyrir leigur frá byrjun janúar til miðjan september.
 2. **15. maí** opnar fyrir leigur frá miðjum september til byrjun janúar.
- Orlofshúsin eru opnuð á tveimur tímabilum **fyrir utan sumarúthlutun:**
 1. **15. september** opnar fyrir leigur frá byrjun janúar til miðjan september.
 2. **15. maí** opnar fyrir leigur frá miðjum september til byrjun janúar.
 - **Ath! að orlofshúsin fara í sumarúthlutun frá ca. 15. maí til ca. 15. september** (fer eftir hvernig raðast á dagsetningu ár hvert).
- **Fyrirvarar:**
 - **Helgarleiga** er ávallt bundin frá föstudegi til mánudags.
 - Um **jólin** er bundin vika, sem þýðir að **ekki er hægt að fara inn eða út á rauðum dögum** á því tímabili.
 - **Aldrei** er hægt að hefja, eða enda, leigu á **rauðum degi**.

5. gr. - Greiðslufrestur

- **Leiga utan sumarúthlutunar** skal **staðgreidd við pöntun** – ekki er hægt að panta án greiðslu.
- **Leiga er ekki endurgreidd**, en ef afpöntun á sér stað, fæst **inneign í orlofskerfinu**, sem nýta má sem **innborgun upp í næstu leigu**, aðeins ef eitthvert eftirfarandi á við:
 - **Veikindi** í fjölskyldu (maki, börn eða nákomnir ættingjar).
 - **Dauðsfall** í fjölskyldu (maki, börn, foreldrar eða systkini).
 - **Ófært á þjóðvegum** eða **flug fellur niður**.
- Ef afbókað er með **viku** fyrirvara, er **1 sólahringur (5.500 kr.)** dreginn frá inneigninni.
- Ef afbókað er með **3 sólahringa** fyrirvara eða skemur, verða einungis **25% af greiddri leigu** að inneign.
- Fyrir **sumarúthlutun** þarf að **staðfesta bókun með greiðslu innan viku** frá því úthlutun lýkur.
 - Sé það ekki gert, er **orlofshúsið auglýst laust** til umsóknar.

6. gr. - Þrif og skil

- Orlofseign skal **skilað í því ástandi** sem kveðið er á um í **umgengnisreglum Orlofssjóðs** hverju sinni.
- **Lyklar** skulu skilaðir á **skrifstofur félagsins innan viku** frá lokum leigutímans.
- **Sektir:**
 - **Vanskil á lyklum:** kr. **5.000**
 - **Týndir lyklar:** kr. **15.000** (*ekki endurgreitt*)
 - **Neyðarútkall vegna opunar:** kr. **8.000**

7. gr. - Brot á leigusamningi og viðurlög

- Ef leigutaki brýtur **alvarlega** gegn **leigu-** eða **umgengni reglum**, áskilur félagið sér rétt til að **vísa honum úr íbúð eða sumarhúsi**.
- Leigutaka er **óheimilt að framselja leigusamning** til annars aðila.
 - Komi slíkt í ljós, má **víkja leigutaka fyrirvaralaust** úr orlofseigninni.
 - Viðkomandi er þá **útilokaður frá leigu orlofseigna í 12 mánuði**, og **leigugjald er ekki endurgreitt**.
- Komi í ljós **skemmdir á orlofseign eða munum** sem henni tilheyra, skal **tilkynna það til skrifstofu félagsins**.
- Leigutaki **ber fulla ábyrgð** á tjóni sem verður af hans völdum eða þeirra sem dvelja í orlofseigninni á hans vegum.
 - Félagið áskilur sér rétt til að **láta framkvæma viðgerðir á kostnað leigutaka og senda reikning** fyrir þeim kostnaði.
- Sé orlofseign **skilað í óviðunandi ástandi**, getur félagið látið **þrifa eignina á kostnað leigutaka**.
 - **Sektargjald vegna þrifa er kr. 25.000.**